

**Samkomulag fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs,  
og Félags íslenskra náttúrufræðinga  
um breytingu á úrskurðarorði gerðardóms, dags. 14. ágúst 2015**

**Stofnanapáttur (11. kafli) (tekur gildi 01.06.2016)**

Grein 11.3.3.1 tekur eftirfarandi breytingum:

**11.3.3.1 Hjá Félagi íslenskra náttúrufræðinga:**

**Röðun starfs.** Röðun miðist við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða og skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (nú ÍSTARF95, 2. útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags.

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki tveimur launaflokkum herra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 4 launaflokkum herra sbr. upptalningu hér að neðan:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 2 launaflokkar.
- Meistaragráða (90 - 120 einingar) = 4 launaflokkar.
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 6 launaflokkar.

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

Reykjavík 16. janúar 2017

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga